

Hreindýraeftirlitsmanni skal heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar við eftir- **154**
litið á tilteknum svæðum fjarlægum heimili hans. Kostnaður vegna slíkrar aðstoðar 17. ágúst
greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um
breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar
allt að 10 000.00 króna sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1957.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

155

5. sept.

1. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til
útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það sam-
vinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því að sveitarfélög safni sem ýtar-
legustum skýrslum um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði sé notað til
íbúðar, og á hve löngum tíma hlutaðeigandi sveitarfélög telja auðið að útrýma því.

3. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspill-
andi íbúðum og óska eftir að njóta aðstoðar ríkisvaldsins, skulu sækja um slíka
aðstoð til húsnæðismálastjórnar, áður en hafizt er handa um byggingarfram-
kvæmdir.

Með umsóknum þessum skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Teikningar af fyrirhuguðum íbúðum í 2 eintökum.
- b. Nákvæm smíðalýsing (útboðslýsing).
- c. Greinilega sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- d. Greinargerð um skilmála og kjör þau, sem væntanlegum eigendum eða leigj-
endum íbúðanna eru ætluð.
- e. Upplýsingar um, hvenær byggingarframkvæmdir skulu hefjast, og hvenær þeim
verði lokið.

- 155 f. Upplýsingar um, hvaða húsnæði á að útrýma, lýsing á því, svo og hversu margt
5. sept. fólk býr í því húsnæði.
g. Ef um annað húsnæði er að ræða en herskála, vottorð viðkomandi héraðslæknis, í Reykjavík borgarlæknis, um að húsnæði það, sem útrýma á, sé heilsuspillandi.

4. gr.

Nú samþykkir húsnæðismálastjórn áætlanir sveitarfélags um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og getur hún þá veitt lán af því fé, sem ríkissjóður leggur fram í þessu skyni, þó eigi hærra en nemur samanlögðu framlagi og láni frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Slík lán skulu veitt til allt að 50 ára með 4% ársvöxtum og skulu vera jafngreiðslulán. Afborganir og vextir af lánnum þessum skulu renna í byggingarsjóð ríkisins. Skal veðdeild Landsbanka Íslands sjá um afgreiðslu lánanna, innheimtu og reikningshald.

5. gr.

Lán, sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari, skulu veitt sveitarfélögum, og er þeim heimilt að verja þeim:

- A. Til byggingar íbúða, eða síðan verði seldar einstaklingum, fullgerðar eða ófullgerðar þó eigi skemmra á veg komnar en fokheldar, með hitunartækjum og að fullu frágengnar utanhúss.
B. Til byggingar leiguhúsnæðis.
Ef um fyrra tilvikið er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um íbúðina, unz lán ríkissjóðs er greitt að fullu:

- a. Ef eigendaskipti verða að íbúðum þessum, skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt að hinni seldu íbúð og er því skylt að leysa íbúðina til sín og selja hana eða leigja eftir ákvæðum 6. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 3. mgr. þessarar greinar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbætti verðhækkun, sem orðið hefur samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjaldþaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Greiðsla umfram skyldu samkv. skuldabréfi, skapar ekki rétt til verðhækkunar. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið meðan íbúðin var í eigu seljanda, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Fyrir endurbætur skal þó ekki greiða meira en kostað hefur að fullgera samsvarandi íbúð. Ekki má leigja slíka íbúð eða hluta hennar, án samþykkis sveitarstjórnar, sem hefur forleigurétt.
b. Íbúðir þessar má aðeins selja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda hafi þær áður verið auglýstar til umsóknar og séu hinar heilsuspillandi íbúðir jafnfram teknar úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Umsóknir um íbúðirnar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er gerð séu eftir fyrirmynd frá húsnæðismálastjórn.

Ef um byggingu leiguhúsnæðis er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um það, unz lán ríkissjóðs er að fullu greitt:

- a. Leiga eftir húsnæði má ekki vera hærri en sem nemur afborgunum og vöxtum af upphaflegum byggingarkostnaði, svo og kostnaði vegna eðlilegs viðhalds.
b. Leiguhúsnæði skal ávallt auglýst og má aðeins leigja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði. Hið heilsuspillandi húsnæði, sem þannig losnar, skal jafnframt tekið úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Umsóknir um leiguhúsnæði skulu vera á sérstökum eyðublöðum, sem gerð séu eftir fyrirmynd frá húsnæðismálastjórn.

6. gr.

155

Við úthlutun þess húsnæðis, sem byggt er samkvæmt reglugerð þessari, er sveitarstjórn skylt að láta þær fjölskyldur sitja fyrir, sem í lókustu húsnæði húa og mesta ómegð hafa eða eiga samkvæmt vottorði læknis við verulega vanheilsu að stríða.

Verði ágreiningur í sveitarstjórn um úthlutun íbúðanna, má skjóta honum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

7. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. koma ekki til útborgunar fyrr en viðkomandi ónothæft húsnæði hefur verið tekið úr notkun samkvæmt vottorði hlutaðeigandi lögreglustjóra, enda sé húsnæði það, sem lánað er til, orðið íbúðarhæft samkvæmt vottorði trúnaðarmanns húsnæðismálastjórnar.

Óheimilt er að taka aftur til íbúðar húsnæði, sem tekið hefur verið úr notkun samkvæmt reglugerð þessari, nema fyrir liggja vottorð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) um, að það hafi hlotið þær endurbætur, að það sé eigi lengur heilsuspillandi, enda fullnægi íbúðin einnig skilyrðum byggingarsamþykktar um íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

156

6. sept.

til lækna og lyfsala í tilefni löggildingar viðauka við lyfjaskrá,
sbr. auglýsingu frá 6. sept. 1957 í A-deild Stjórnartíðinda.

Með forsetaúrskurði 13. júlí 1950 var hin danska lyfjaskrá, Pharmacopoea Danica 1948, Editio IX, ásamt þá þegar útkomnum fyrsta viðauka við lyfjaskrána, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum 1950, löggilt hér á landi frá 1. janúar 1951, sbr. augl. nr. 72 (A) 14. júlí 1950 og reglur nr. 196 19. sept. 1950 um nokkrar nafnbreytingar lyfja samkvæmt nýrri lyfjaskrá, gerð, geymslu, áritun og afhendingu lyfja o. fl.

Frá því að lyfjaskráin kom út, hafa viðaukar og breytingar við skrána í venjulegu bókarformi verið gefnar út sem hér segir:

Pharmacopoea Danica 1948,	Addendum 1950,	Kh. 1950,	
—	—	—	1951, Kh. 1951,
—	—	—	1952, Kh. 1952.

Útgáfa viðauka þessara var í upphafi með þeim hætti, að þegar nýr viðauki kom út, var í honum að finna allt, er fyrri viðauki hafði að geyma, auk þeirra breytinga og viðbóta, er orðið höfðu á lyfjaskránni frá því að næsti viðauki á undan var gefinn út. Varð þ. a. l. eldri viðauki úreltur, er nýr kom út.